

Rofaborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Reykjavík

Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	7
4.	Starfsþróunarsamtöl.....	9
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans	9
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
7.	Foreldrasamstarf	10
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	11
9.	Þróunarverkefni.....	12
10.	Fylgiskjöl:	13
10.1	Innra mat deilda 2025-2026	13
10.1.1	Svanaland	13
10.1.2	Lóuland.....	14
10.1.3	Þrastaland	16
10.1.4	Krummaland	17
10.1.5	Spóaland	18
10.2	Umbótaáætlun deilda 2026-2027	20
10.2.1	Svanaland	20
10.2.2	Lóuland og Þrastaland	21
10.2.3	Krummaland	23
10.2.4	Spóaland.....	25
10.3	Ætlun um innra mat	28
10.4	Áætlun um yfirferð verkefna/áætlana	29
10.5	Umsögn foreldraráðs.....	30

1. Greinargerð leikskólastjóra

Haustönnin byrjaði vel. Mönnun var með besta móti og lögðu deildarnar áherslu á að æfa sig í að vinna eftir Reggio Emilia-stefnunni. Innleiðingarferli nýrrar stefnu er stórt verkefni og mun áreiðanlega taka nokkurn tíma. Það þarf að fræða starfsfólk og samstillja, endurmeta efnivið leikskólans og svo þurfum við að finna okkar eigin takt innan stefnunnar, svo eitthvað sé nefnt.

Þetta árið voru átta starfsmenn Rofaborgar skráðir í háskólanám, ýmist í leikskólakennarafræði eða þroskajálfafræði. Það er einstaklega ánægjulegt og skilar hver kláraður áfangi sér í betri þekkingu á námi og þroska barna í Rofaborg. Það að hafa starfsmenn í námi er þó einnig áskorun sem kallar á mikla samvinnu starfsfólks sem og skipulagningu í kringum stundatöflur námsfólksins.

Rofaborg fagnaði 40 ára afmæli sínu í nóvember og buðum við fjölskyldum barnanna að koma og fagna með okkur. Boðið var upp á alls kyns kökur og kræsingar, börnin sýndu söngatriði sem þau höfðu undirbúið og foreldrafélagið bauð börnunum upp á sýningu frá leikhópnum Lottu. Það er heilmikil áskorun að fá svona marga gesti í afmæliskaffi í skammdeginu þegar litlir möguleikar eru á að vera úti en þröngt mega sáttnir sitja og þetta gekk betur en við þorðum að vona. Í alla staði mjög ánægjulegur dagur.

Vorönnin byrjaði því miður ekki eins vel. Langtímaveikindi settu svip sinn á önnina og erfitt var að finna hæft fólk til að fylla í skörðin. Þrátt fyrir ýmsar skipulagsbreytingar og barbabrellur urðum við að bíta í það súra epli að þurfa að skerða vistun barnanna frá miðjum apríl fram í miðjan maí. Við vitum að svona aðgerðir koma sér illa fyrir foreldra en það má með sanni segja að við eigum klárlega besta foreldrahópinn sem stendur þétt að baki okkur þegar illa árar.

Í janúar var komið að Rofaborg að taka þátt í verkefni á vegum SFS sem heitir „Leikskólaverkefnið“. Það gengur út á að bæta starfsaðstæður og auka fræðslu. Verkefnið stendur yfir í tvær annir og lýkur því um næstu áramót. Fræðslunni er skipt í nokkur tímabil. Á vorönn hefur fókussinn verið á stjórnendur leikskólans, bæði yfirstjórn og deildarstjóra. Haustönnin mun svo snúast um fræðslu fyrir allan starfsmannahópinn.

Samstarf við Vinnueftirlitið hélt áfram og í vetur snerist það að mestu um greinaskrif og kynningar á verkefninu. Stjórnendur allra skólanna fimm sem tóku þátt í verkefninu kynntu sína vinnu á ráðstefnu Vinnueftirlitsins í mars og á næstunni munu verða birtar greinar um verkefnið í Skólabráðum – Tímariti Samtaka Áhugafólks um Skólaþróun.

Skólahópar Krumma- og Spóalands tóku að venju þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur. Það er heilmikið verkefni sem gengur út á bæði söng- og dansæfingar sem og heimsókn í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Hápunkturinn var svo þegar börnin buðu fjölskyldum sínum á tónleika í Hörpu, þar sem þau stóðu á sviði Eldborgar og fluttu lög eftir Dr. Gunna.

Starfsdagar vetrarins voru nýttir vel. Sem dæmi um það sem fram fór á þeim má nefna:

- Fræðsla um innra mat í leikskólastarfi og mikilvægi þess fyrir þróun leikskólastarfsins.
- Fræðsla um þátttöku og lýðræði í leikskólastarfi út frá líkönum Roger A. Hart og Lauru Lundy. Umræður tengdar við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Yfirferð og úrbætur á áætlunum:
 - Rýmingaráætlun
 - Áfallaáætlun
 - Nýliðaáætlun
 - Svefn- og hvíldarstefna
 - Áætlun um viðbrögð við slysum
- Námskeið um slysavarnir barna og skyndihjálp
- Námskeið um fjölbreyttar tjáskiptaleiðir og stuðning við börn með sérþarfir

Á starfsdegi í mars skipti starfsmannahópurinn sér niður og fór í heimsóknir í nokkra leikskóla sem unnið hafa lengi eftir hugmyndafræði Reggio Emilia. Þar fékk starfsfólk að skoða sig um, kynnast áherslum leikskólanna og spyrja spurninga um hvernig leikskólarnir flétta hugmyndafræðina inn í daglegt starf. Starfsfólkið okkar kom til baka fullt af innblæstri og þökkum við Lyngheimum, Geislabaugi, Vinagerði og Marbakka kærlega fyrir að taka svona vel á móti okkur.

Nýja skólanámskráin okkar leit loksins dagsins ljós og var birt á lendingarsíðu Rofaborgar á heimasíðu Reykjavíkurborgar eftir áramótin. Við erum mjög stolt af henni og hvetjum alla til að kynna sér hana.

Bestu kveðjur,

Guðlaug Kristinsdóttir leikskólastjóri

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Hér verður fjallað um þá þætti sem metnir voru yfir allan leikskólann í heild sinni. Mat hverrar deildar má sjá í fylgiskjöllum hér að neðan. Veturinn 2025-2026 var lögð sérstök áhersla á að meta nýja skólanámskrá leikskólans og stöðu innleiðingar Reggio Emilia-stefnunnar sem formlega tók við af eldri stefnu leikskólans í ágúst 2025.

Skólanámskrá Rofaborg	
Hvernig fór matið fram	Matið fór fram á skipulagsdegi og á fundum.
Hverjir tóku þátt í matinu	Starfsfólk Rofaborgar tók þátt í að meta skólanámskrána og foreldraráð gaf álit sitt í formi umsagnar. Kristín Hildur veitti námskránni umsögn fyrir hönd SFS og setti hún einnig fram tillögur að umbótum.
Helstu niðurstöður mats	Starfsfólk taldi nýju skólanámskrána vera skýra og gefa góða mynd af því starfi sem unnið er í Rofaborg. Það taldi hana gera vel grein fyrir þeim leiðum sem farnar eru til að vinna að markmiðum aðalnámskrár. Starfsfólk taldi skólanámskrána einnig vera mjög gagnlega fyrir nýtt starfsfólk, sérstaklega til að kynna hugmyndafræði Reggio Emilia. Foreldraráð var einnig ánægt með námskrána og taldi hana vera virkilega góða kynningu fyrir foreldra barna í Rofaborg. Þau sögðu námskrána vel uppsetta með aðgengilegum texta þar sem skini í gegn metnaðurinn sem lagður er í starf Rofaborgar. Í umsögn Kristínar Hildar kom fram að gaman væri að sjá hvað börnunum og skoðunum þeirra er gefið mikið vægi. Vangaveltur þeirra og hugmyndir glæða námskrána lífi. Hún telur að námskráin sé mjög vel og skipulega unnin en að bæta megi við umfjöllun um hvaða leiðir séu farnar í uppeldisfræðilegum skráningum og hvernig mat barnanna á leikskólastarfinu er nýtt.

Breytt stefna – Hugmyndafræði Reggio Emilia	
Hvernig fór matið fram	Matið hefur farið fram jafnt og þétt í gegnum veturinn á skipulagsdögum, á deildarfundum og á deildarstjórafundum. Rætt var um hvernig gengi að innleiða stefnuna, næstu skref og áskoranir.
Hverjir tóku þátt í matinu	Starfsfólk Rofaborgar
Helstu niðurstöður mats	Innleiðing Reggio Emilia-stefnunnar í Rofaborg hófst formlega haustið 2025. Við ákváðum að fyrsta skref yrði að starfsfólk kynnti sér stefnuna vel. Við fengum fyrirlestra, fórum í heimsóknir og starfsfólk fjallaði um stefnuna og breytingarnar á fundum. Starfsfólk er ánægt með stefnuna og telur breytinguna vera góða leið til þess að samræma vinnubrögð milli deilda og skerpa á hlutverkum starfsfólks. Fræðsla um stefnuna hefur einnig skilað sér í breyttri sýn á leik og nám barna. Næsta skref í innleiðingu er að rýna í umhverfi barnanna og sér starfsfólk mörg tækifæri þar til umbóta. Greint verður betur frá því í umbótaáætlun leikskólans hér að neðan.

Ytra mat

Stofnun ársins	
Hvernig fór matið fram	Könnun var send til allra starfsmanna Rofaborgar haustið 2025.
Hverjir tóku þátt í matinu	Starfsfólk Rofaborgar. Svörun var um 95%
Helstu niðurstöður mats	<i>Ímynd leikskólans, Stjórnun og Ánægja og stolt</i> voru þeir flokkar sem komu best út í könnuninni. Líkt og síðustu ár voru <i>Launakjör</i> og <i>Vinnuskilyrði</i> langverst metnu flokkarnir. Starfsfólk var áberandi ósátt með vinnu- og skrifstofurými, hljóðvist í húsinu og launakjör. Það kemur svo sem ekki á óvart þar sem að löngu er vitað að húsnæði Rofaborgar stendur ekki undir þeirri starfsemi sem hér á að fara fram. Við höfum eitt herbergi sem duga á undir alla þá sérkennslu og snemmtæku íhlutun sem hér fer fram. Þetta herbergi er jafnframt eina fundarrými leikskólans. Rýmið er þó ekki nægilega stórt til þess að rúma flesta af þeim teymisfundum sem við höldum og þarf því að leggja kaffiðstöðu starfsmanna undir þá. Herbergið er einnig eina rýmið sem við höfum fyrir talmeinafræðinga og sálfræðinga sem koma hingað til þess að leggja skimanir fyrir börnin. Vinnuherbergi kennara er einnig mjög lítið og er samnýtt sem skrifstofa aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra sem og fyrir allan þann lögbundna undirbúningstíma sem starfsmenn eiga. Þar rúmast aðeins fjórir starfsmenn í einu og þarf því starfsfólk oft að finna sér aðra staði í húsinu til þess að vinna á. Margir reyna að nýta kaffistofuna eða deildirnar fyrir undirbúninginn en þar er vinnufriður oft lítill. Hljóðvist í húsinu er ábótavant og hefur verið reynt að bæta úr því t.d. með hljóðeinangrandi skilrúmunum og fleiru með takmörkuðum árangri. Fataklefar og gangar eru gjarnan nýttir fyrir lestur, kennslu og leik en það má með sanni segja að það séu ekki ákjósanlegar vinnuaðstæður, hvorki fyrir fullorðna né börn.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Hér verður fjallað um þær umbætur sem leikskólinn í heild sinni mun ráðast í skólaárið 2026-2027. Fjallað verður um tækifæri til umbóta, aðgerðir, ábyrgð og hvernig áætlað er að meta þær breytingar sem gerðar verða.

Uppeldi og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	2.1 Skipulag náms og námsaðstæður
Tækifæri til umbóta	Við mat á leikskólastarfinu kom það greinilega í ljós að endurskoða þurfi umhverfi barnanna með hliðsjón af Reggio Emilia stefnunni. Skipta þarf út gömlum efnivið fyrir náttúrulegan og opin efnivið. Endurskipuleggja þarf deildarnar með það að markmiði að umhverfið sé hvetjandi og stuðli að frekara námi, með öðrum orðum; að umhverfið sé þriðji kennarinn.
Aðgerðir til umbóta	Skoða þarf rými leikskólans hvert fyrir sig og finna út úr því hvernig þau nýtast sem best til kennslu. Markmiðið er að rýmin veki upp undrun og forvitni barnanna. Mikilvægt er að hafa áhuga og þarfir barnanna í huga þegar að rýmin eru skipulögð. Starfsfólk hefur nú þegar hafið undirbúningsvinnuna með því að fara og heimsækja leikskóla sem lengi hafa unnið eftir Reggio Emilia stefnunni. Einnig fegnum við Kristínu Hildi í heimsókn til að færða okkur um skapandi umhverfi og umhverfi sem áskorun. Áætlunin er að fá framhald af þeim fyrirlestri næsta haust. Gera þarf áætlun um hvað þarf að kaupa og hvaða verðlausa efnivið á að safna.
Ábyrgð	Deildarstjórar bera ábyrgð á að endurskipuleggja sína deild í samstarfi við deildarstarfsfólk og stjórnendur.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2026-deseember 2027
Hvenær og hvernig á að meta	Áætlað er að ræða og meta framfarir og áskoranir á deildarfundum. Deildirnar munu svo deila mati sínu og hugmyndum á skipulagsdegi í haust. Starfsfólk mun leitast eftir því að fá fram sjónarmið barnanna og biðja þau um að veita breytingum á deild sinni umsögn. Verður umsögn þeirra svo nýtt í endurmat.
Viðmið um árangur	Árangur næst ef að börn og starfsmenn meta sem svo að umhverfi barnanna styðji vel við fjölbreyttar þarfir barnahópsins, veki forvitni þeirra og styðji við sjálfstæði, sjálfshjálp og sköpun í víðu samhengi.

Uppeldi og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	2.3 Leikur og nám – Lýðræði, jafnrétti og þátttaka.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Við mat á leikskólastarfinu kom í ljós að margir vildu leggja meiri áherslu á að kenna börnum um lýðræði, lýðræðisleg vinnubrögð og samfélagslega ábyrgð. Í Reggio Emilia er fjallað um mikilvægi þess að börn læri ung hvað fellst í því að búa í lýðræðislegu samfélagi. Til þess þurfum við kennarar að vera meðvitaðir um að börn eru hæfir, getumiklir og sterkir einstaklingar sem hafa rétt á að taka þátt í samfélagi þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Til þess að börn læri og dafni þarf samfélagið að vera meðvitað um að börn hafi margt til málanna að leggja og að þau hafi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og hugmyndir um málefni sem þau varða. Við

	viljum auka vægi barnanna í skipulagi starfsins og fá þau í auknum mæli með okkur í lið við að velja viðfangsefni og verkefni sem vekja undrum og forvitni þeirra.
Aðgerðir til umbóta	Mismunandi er eftir deildum og aldri hvernig staðið verður að þessum umbótum. Eldri börnin geta tekið þátt í umræðuhópum, kosningum o.fl. til þess að koma sjónarmiðum sínum og hugmyndum á framfæri. Þetta hefur nú þegar verið prufað með því að leita í auknum mæli eftir hugmyndum barnanna um spennandi áfangastaði til þess að heimsækja í vettvangsferðum. Það var bæði gert í umræðuhópum og með kosningum. Við viljum gera meira af þessu og finna leiðir til þess að yngri börn hafi einnig áhrif á líf sitt í leikskólanum. Það er hægt að gera með ýmsum aðferðum, t.d. með því að nota broskarlakerfi til að fá þau til að meta starfið og skipulagðar stundir. Starfsfólk á yngri deildum mun leggja sig fram við að kanna áhuga barnanna með skráningum, umræðum og athugunum á áhugasvið þeirra sem verður nýtt við skipulagningu náms þeirra.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok	Ágúst 2026-deseember 2026. Eftir endurmat verða næstu skref ákveðið.
Hvenær og hvernig á að meta	Starfsfólk mun meta umbætur á skipulagsdegi í nóvember 2026. Börnin munu meta umbæturnar í umræðuhópum með kennurum sínum.
Viðmið um árangur	Viðmið um árangur: Að börnin upplifi að hlustað sé á hugmyndir þeirra og skoðanir í leikskólastarfinu.

4. Starfsþróunarsamtöl

Veturinn 2026-2027 munu deildarstjórar sjá um að taka allt sitt starfsfólk í snerpuviðtöl, að minnsta kosti einu sinni á önn. Leikskólastóri mun sjá um starfsþróunarsamtöl og verða að jafnaði gefnar 30 mínútur fyrir hvert samtal. Starfsfólk getur svo alltaf óskað eftir samtali ef þörf þykir.

Lærdómssamfélög

Síðastliðinn vetur gekk illa að finna tíma fyrir hittinga lærdómssamfélaganna og funduðu þau því ekki eins oft og við hefðum viljað. Lærdómssamfélag sérkennslu fundaði þó reglulega sem gafst vel.

Veturinn 2026-2027 verður lögð áhersla á að endurvekjja hin lærdómssamfélögin og koma þeim í góðan farveg á ný.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2026-2027 byggð á umbótaþáttum leikskólans fyrir árið.

- Nám og umhverfið – Umhverfið sem þriðji kennarinn
- Uppeldisfræðilegar skráningar í anda Reggio Emilia
- Læsisstefna og fræðsla um máltöku barna
- Deildarstjórar fara á EFI-2 námskeið

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
September 2026 – maí 2027	Reglulegar heimsóknir elstu barna í frístundarheimilið Töfrasel.	Töfrasel	Deildarstjórar á Krummalandi og Spóalandi.
September 2026- maí 2027	Leikskólaval	Rofaborg	Guðlaug Kristinsdóttir leikskólastjóri og Steinunn Arnórsdóttir umsjónakennari.
Febrúar 2027	Smiðjudagar	Árbæjarskóli	Stjórnendur í Árbæjarskóla og deildarstjórar á Krummalandi og Spóalandi.
Maí/júní 2027	Vorskóli	Árbæjarskóli	Stjórnendur í Árbæjarskóla.

Löng hefð er fyrir samstarfi Rofaborgar og Árbæjarskóla og má rekja það allt til ársins 1987. Það er okkur mikið hjartans mál að börnin séu í góðri tengingu við samfélagið utan leikskólans og umhverfið hér í Árbænum. Markmið samstarfsins er:

- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla til grunnskóla og frístundar.
- Brúa bilið milli skólastiganna og stuðla að heildstæðu námi barna.
- Efla og styrkja samstarf starfsfólks á báðum skólastigum.

Liður í að undirbúa elstu börnin fyrir grunnskólagöngu hefur einnig verið að fara í heimsóknir í frístundamiðstöðina Töfrasel. Þar fá börnin að kynnst húsinu og starfinu sem þar fer fram. Síðastliðinn vetur, sem og veturinn áður, fór skólahópur nokkrum sinnum í mánuði í heimsókn í Töfrasel. Mikil ánægja var með það fyrirkomulag. Börnin nutu sín vel og meira pláss var inni á eldri deildunum fyrir hin börnin til þess að leika og vinna önnur verkefni. Stefna okkar er að halda þessu samstarfi áfram næsta vetur.

Samstarf leikskólans við unglingadeild Árbæjarskóla

Síðastliðna þrjá vetur buðu Rofaborg og Árbæjarskóli í sameiningu upp á valáfanga í leikskólafræðum fyrir 9. og 10. bekk. Nemendur sem völdu sér þann valáfanga fengu að kynnst starfsemi leikskólans og kennslu ungra barna, bæði með verkefnavinnu í leikskólanum og kennslu í skólanum. Markmið áfangans var að kynna spennandi umhverfi og skapandi starf leikskólans fyrir ungu fólki, sem á eftir að velja sér starfsvettvang í framtíðinni og vonandi auka þannig aðsókn í leikskólakennaranámið. Nemendurnir sem hingað komu sinntu námi sínu vel, mættu stundvíslega og voru frábær viðbót í samfélagið okkar hér í Rofaborg. Við viljum þakka nemendunum og umsjónarkennara áfangans kærlega fyrir samstarfið og viljum endilega halda þessu áfram á komandi skólaári. Lesa má betur um leiðir og markmið í samstarfi við mismunandi stofnanir og þjónustuaðila í skólanámskrá Rofaborgar.

7. Foreldrasamstarf

Sérstakar áherslur í foreldrasamstarfi á komandi ári.

Foreldraráð: Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Starfsreglur foreldraráðs voru samþykktar árið 2014. Í foreldraráði eiga að sitja að lágmarki þrír fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Síðastliðinn vetur bauð enginn sig fram í ráðið og brugðu stjórnendur á þann leik að veiða til sín kándidata. Hanna Rún Smáradóttir hélt áfram frá því veturinn áður og bættust við Arndís Benediktsdóttir, Ásta Erla Jakobsdóttir og Ingvar Kristinn Guðmundsson. Þeirra helstu verkefni þennan vetur voru að veita starfsáætlun og skólanámskrá umsögn, gefa álit sitt á breytingum í starfi Rofaborgar og taka þátt í umræðum um Reykjavíkurleiðina í leikskólamálum. Við þökkum þeim kærlega fyrir samstarfið og vel

unnin störf. Við vonumst svo að sjálfsögðu til þess að þau sjái sér fært að halda áfram í foreldraráðinu næsta vetur. Tekið verður við nýjum umsóknum um aðild að foreldraráði Rofaborgar í september 2026. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Guðlaugu Kristinsdóttur leikskólastjóra.

Foreldrafélag: Foreldrafélag Rofaborgar hefur séð um viðburði sem hafa það að markmiði að efla félagsauð barna og foreldra í Rofaborg. Þar má nefna sumarhátíð fyrir fjölskyldur í Rofaborg, piparkökumálun fyrir jól og einnig hefur foreldrafélagið lagt sitt af mörkum við útskrift elstu barna og jólaball Rofaborgar. Síðastliðinn vetur bauð foreldrafélag Rofaborgar einnig upp á skemmtun fyrir börnin á leikskólatíma. Við bendum þeim foreldrum sem hafa áhuga á að ganga í stjórn foreldrafélagsins að hafa samband við Guðlaugu leikskólastjóra. Hún setur þá í samband við formann félagsins. Öll velkomin.

Foreldraviðtöl: Árlega bjóða deildastjórar foreldrum til sín í foreldraviðtöl. Þar gefst foreldrum tækifæri til að ræða við deildarstjóra um skólagöngu barns síns. Áætlað er að foreldrar barna sem hefja leikskólagöngu um haustið 2026 komi í viðtal fyrir áramót (lok okt.-nóv.) sem og foreldrar barna sem skiptu um deild eftir sumarfrí, er það því u.þ.b. helmingur barna á hverri deild. Eftir áramót (mars-apríl) er svo áætlað að foreldrar hinna barnanna komi í viðtöl. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel í gegnum árin. Nákvæmari áætlun verður kynnt haustið 2026. Bent er á að foreldrum er alltaf velkomið að bóka viðtal við deildarstjóra eða stjórnendur. Það er gert með því að hringja eða senda tölvupóst á viðkomandi deildarstjóra eða leikskólastjóra.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins 2026-2027 verða:

- 30. september – sameiginlegur í hverfinu
- 20. nóvember
- 5. febrúar – sameiginlegur í hverfinu
- 5. mars
- 27. apríl – sameiginlegur í hverfinu
- 7. maí – Ákveðinn í samræmi við skóladagatal Árbæjarskóla

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
Skólaverkefnið: Samstarfsverkefni um vinnustaðarmenningu í skólum.	Vinnueftirlitið Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitafélaga og Háskóli Íslands	Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu

Rofaborg er einn fimm skóla sem tóku þátt í samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins, Kennarasambandsins og Sambands íslenskra sveitafélaga um góða vinnustaðamenningu og vellíðan starfsfólks sem hófst í byrjun árs 2024 og var styrkt af Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Um er að ræða verkefni sem stofnað var til í kjölfar könnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann að beiðni Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og Vinnueftirlitsins um stöðu fólks á íslenskum vinnumarkaði og ástæður brotthvarfs úr starfi. Verkefnið var að mestu framkvæmt veturinn 2024-2025 en síðastliðinn vetur hefur áhersla verið lögð á að kynna afrakstur verkefnisins og finna leiðir til þess að breiða út boðskapinn. Stjórn Rofaborgar hefur kynnt verkefnið, ásamt öðrum, á málþingi Vinnueftirlitsins og á fundum með ýmsum skipulagseiningum og nefndum borgarinnar. Markmiðið er að finna leiðir til þess að aðrir skólar geti nýtt þá þekkingu sem til varð í verkefninu til þess að bæta vinnustaðarmenningu á sínum starfsstað.

Frekari upplýsingar um verkefnið er hægt að finna á vef Vinnueftirlitsins. Einnig er hægt að hlusta á málþingið í heild sinni hér: <https://island.is/s/vinnueftirlitid/frett/bjargrad-til-ad-skapa-heilbrigda-vinnustadamenningu>

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat deilda 2025-2026

Hér á eftir kemur samantekt deilda á skólaárinu 2025-2026. Hver deild fjallar um styrkleika sína og það sem vel hefur gengið. Einnig verður fjallað um tækifæri til umbóta.

10.1.1 Svanaland

Veturinn 2025–2026 gekk vel á Svanalandi. Allir unnu vel saman og gekk starfið heilt yfir mjög vel. Við vorum duglegar að fylgja dagskipulaginu vel eftir, jafnvel þó að það vantaði starfsmenn. Okkur fannst mikilvægt að passa upp á að börnin fengju alltaf sinn tíma í hreyfingu í lðu, útveru og öðru skipulögðu starfi. Með jákvæðni og hjálpsemi frá öðrum starfsmönnum gekk það mjög vel og höldum við því ótrauð áfram inn í næsta skólaár.

Svanaland er yngsta deild leikskólans og dvelja þar börn á aldrinum eins árs til tæplega þriggja ára. Aldursbilið er því stórt og er málþroski barnanna mjög misjafn. Við gerum okkar besta til að nýta allar stundir til málörvunar og bjóða upp á efnivið við hæfi allra barnanna. Við eflum málþroska og aukum orðaforða í gegnum lestur, leik, söng og önnur verkefni. Við ætlum að auka einstaklingslestur næsta vetur og hafa hann enn skipulagðari. Eins og síðustu ár notuðum við námsefnið *Lubbi finnur málbein* til að kynna íslensku málhljóðin fyrir börnunum. Námsefni sem fylgir Lubba var notað í samveru með börnunum og var þeim skipt í eldri og yngri hóp. Þar fórum við yfir staf vikunnar (sem var sá sami 2 vikur í senn), börnin fengu að skoða myndir og við æfðum okkur í að bera málhljóðin fram og nota hreyfingar sem tákna málhljóðin. Þar sem börnin eru mjög ung höfum við lagt áherslu á að fara yfir færri stafi í einu en gera það vel.

Aukin samskipti og samtal við foreldra hefur gengið vel þessa önnina og höfum við lagt áherslu á að efla foreldrasamskipti og samstarf. Starfsfólk og foreldrar hafa unnið saman að því í vetur að styðja við börnin og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið. Við höldum áfram að byggja á þessum grunni og leggjum áherslu á að allir starfsmenn séu öruggir í samskiptum við foreldra og myndi traust. Samskiptasáttmáli Rofaborgar hefur reynst vel í þessari vinnu og munum við halda áfram að innleiða hann og festa í sessi. Næsta skólaár munum við áfram leggja áherslu á leiðir sem styðja við gott foreldrasamstarf og efla faglega nálgun í samskiptum.

Í vetur var farið yfir það efni sem við bjóðum börnunum á deildinni og gekk sú vinna vel. Við lögðum áherslu á að meta hvort efnið styðji við sjálfsprottinn leik og sköpun og vorum duglegar að skipta út efnivið og bæta við nýjum þegar þörf var á. Einnig vorum við duglegar að skipta upp leiksvæðum og afmarka svæðin þar sem börnin léku. Með því höfum við skapað fjölbreytt og hvetjandi umhverfi fyrir börnin. Við höldum áfram að skipuleggja og endurmeta reglulega efniviðinn og bæta við efni sem styður enn frekar við leik og sköpun barnanna.

10.1.2 Lóuland

Veturinn 2025-2026 unnum við markvisst að því að skapa gott, öruggt og hlýtt umhverfi fyrir börnin. Við lögðum áherslu á lek sem aðalnámsleið barnanna, góð samskipti, vellíðan barna og gott samstarf við foreldra. Við teljum mikilvægt að námsumhverfi barnanna sé í stöðugri þróun. Við fylgjumst með börnunum, hlustum á þau og reynum að bregðast við þörfum þeirra jafnóðum. Ef við sjáum að eitthvað virkar ekki nógu vel breytum við því. Þetta hefur til dæmis sést í breytingum á leikrýminu yfir veturinn. Við höfum nýtt leiksvæði deildarinnar betur en áður, til dæmis með því að hafa kubbvasvæði og hlutverkaleikshorn aðgengileg allan daginn. Þessar breytingar voru mikilvægar til að mæta þörfum barnanna betur og styðja þau í daglegu starfi. Með því að breyta skipulagi og aðlaga rýmin sem við höfum varð meira flæði í leiknum og börnin fengu meiri tíma og ró til að dýpka hann.

Ein af stærri breytingum þessa vetrar var í listasmiðjunni. Hún hefur farið í ákveðna „metamorfísu“ og þar sjáum við mikil tækifæri til áframhaldandi þróunar. Við viljum halda áfram að byggja hana upp sem skapandi rými þar sem börnin fá frelsi til að prófa sig áfram og þróa sköpunarhæfileika sína. Breytingar á listasmiðjunni hjálpuðu börnunum að skapa á eigin forsendum og njóta þess meira að prófa sig áfram án þess að þurfa að fá fram ákveðna niðurstöðu.

Vísindi skipuðu stóran sess í starfi okkar þennan veturinn. Við framkvæmdum einfaldar tilraunir og rannsóknir sem vöktu forvitni barnanna og hvöttu þau til að spyrja spurninga og prófa sig áfram. Börnin sýndu vísindastarfinu mikinn áhuga og tóku virkan þátt. Við sjáum að þetta styður vel við skapandi hugsun þeirra, samskiptahæfni og nám í gegnum lek og upplifanir.

Starfið í vetur var skipulagt út frá áherslum starfsáætlunar og umbótaáætlunar síðasta árs þar sem við settum okkur það að markmiði að auka lestur, sjálfstæði barna og vinna meira með vináttuverkefnið Blæ. Við lögðum mikla áherslu á málörvun í daglegu starfi, meðal annars í gegnum samtöl, lestur og fjölbreytt verkefni eins og „Gefðu 10“. Við lögðum sérstaka áherslu á einstaklingslestur og gekk það betur en oft áður. Við vorum meðvitaðar um að lesa þyrfti einstaklingslega fyrir öll börnin og nýttum til þess lestraraðferð sem nefnist samræðulestur. Samræðulesturinn hjálpaði sérstaklega fjölbreyttu börnunum að auka orðaforða sinn og taka meiri þátt í samtölum. Við sjáum að þessi aukna áhersla á málörvun hefur haft jákvæð áhrif á þátttöku barnanna í samræðum, lek og starfi og aukið orðaforða þeirra.

Við unnum einnig markvisst með sjálfstæði barna, sérstaklega í fataklefanum og í samverustundum, en einnig í matsal þar sem börnin æfa sig daglega í að vera sjálfstæð, til dæmis með því að sækja sér mat sjálf, smakka fjölbreytta fæðu og ganga frá eftir sig. Við sjáum að mörg börn hafa orðið öruggari, þora meira og taka meiri þátt. Sjálfstraust þeirra hefur því aukist jafnt og þétt í vetur. Við eflum sjálfstraust þeirra með verkefnum eins og „sýna og segja frá“, þar sem börnin fá tækifæri til að koma fram fyrir hópinn og deila með öðrum. Börn sem voru feimin í byrjun eru nú farin að koma fram og tjá sig af meira öryggi. Að auka sjálfstæði og

sjálfstraust barna er mjög mikilvægur þáttur í okkar starfi og við ætlum að halda áfram að leggja áherslu á það.

Vinnan með Blæ-námsefnið hefur þróast mikið þennan veturinn. Við fórum meira að nota það í daglegu starfi í stað þess að vinna aðeins með það í föstum skipulögðum stundum. Það gaf fleiri tækifæri til að ræða tilfinningar og samskipti og styðja börnin í raunverulegum aðstæðum.

Við endurmat á starfinu fylgdumst við með hvernig breytingar höfðu áhrif í daglegu starfi, ræddum reglulega saman á deildarfundum og skoðuðum hvort við sæjum breytingar hjá börnunum, til dæmis í þátttöku, sjálfstæði og samskiptum. Við notuðum líka einfaldar leiðir eins og samtöl við börnin og broskallamat til að meta líðan þeirra og áhuga.

10.1.3 Þrastaland

Veturinn 2025-2026 byrjaði rólega og var lögð áhersla á að börnin fengju að aðlagast lífinu á Þrastalandi í ró. Börnin voru þó fljót að tileinka sér dagskipulagið og hvaða hópi þau tilheyrðu, sem veitti þeim öryggiskennd og vellíðan. Við fundum strax að leggja þyrfti mikla áherslu á málörvun og nýttum til þess námsefnið *Lubbi finnur málbein*. Við unnum með hvert málhljóð í viku í senn út skólaárið og lærðum lög og hreyfingar sem tilheyra hverju málhljóði. Við lásum fyrir börnin, bæði einstaklingslega og í hóp og höfðum bækur ávallt aðgengilegar á deildinni. Við nýttum einnig öll tækifæri til þess að vera með börnunum í leik til að styðja við þau sem þurftu aðstoð við að mynda tengsl og leika með öðrum.

Síðastliðið haust hófst innleiðingarferli Reggio Emilia-stefnunnar formlega. Kynningarferlið gekk vel og höfum við sankað að okkur alls kyns fróðleik og hugmyndum til þess að nýta í starfinu sem og að tileinka okkur hugmyndafræði stefnunnar. Næsta skref er að skoða sérstaklega skipulag deildarinnar og þann efnivið sem við bjóðum börnum upp á. Við viljum finna nýjar leiðir til þess að gera umhverfi barnanna spennandi og hvetjandi.

Mikill áhugi var á að bæta aðstöðu á deildinni til sköpunar. Við deilum rými sem notað er til sköpunar og leiks með Lóulandi og höfum unnið að breytingum á því í samstarfi við þau. Listasmiðjan gekk því í gegnum miklar breytingar og leituðum við leiða til þess að börnin hefðu greiðari aðgang að efnivið til þess að nýta í sköpun. Markmiðið er að þar fái börnin frelsi til þess að prufa nýja hluti og skapa, bæði ein síns liðs og með öðrum börnum. Við munum halda áfram að prufa okkur áfram og þróa rýmið í samstarfi við Lóaland á næsta skólaári.

Miklar breytingar urðu í starfsmannahópnum eftir áramót. Tveir starfsmenn deildarinnar fóru í veikindaleyfi, einn hætti og erfiðlega gekk að manna deildina. Við fengum mikla aðstoð frá Lóulandi og öðrum deildum í húsinu en sjáum greinilega að það hefur áhrif á barnahópinn þegar miklar og tíðar breytingar verða. Við fengum aðstoð hegðunarráðgjafa og sérkennsluráðgjafa í Austurmiðstöð við að finna leiðir til þess að auka öryggi barnanna í óvissunni sem fylgdi mönnunarvandanum og þökkum við þeim kærlega fyrir. Það mikilvægasta fyrir okkur var að koma á góðu skipulagi og halda því þrátt fyrir óvissuna og þykir okkur það hafa gengið vel. Við horfum björtum augum fram á veginn og erum tilbúna til að takast á við ný og spennandi verkefni í haust.

10.1.4 Krummaland

Veturinn 2025-2026 lögðum við mikla áherslu á sjálfssprottinn leik, sköpun og vísindastarf. Auk þess unnum við markvisst að því að auka sjálfstæði og sjálfsöryggi barnanna með því að bjóða þeim í auknum mæli að taka að sér spennandi ábyrgðarhlutverk.

Börnin fengu mikinn tíma og rými til þess að skapa, bæði í regnboganum og í sjálfssprottnum leik inni á deild. Við lögðum áherslu á að bjóða þeim að nota opinn efnivið sem þau breyttu í allt sem þeim datt í hug. Dæmi um verkefni sem börnin gerðu voru jólagjafir til foreldra sinna. Börnin bjuggu þær til alveg sjálf frá A-Ö en fengu hjálp starfsfólks við að framkvæma hugmyndir sínar. Jólagjöfunum fylgdu skráningar um allt ferlið, hugmyndavinnuna og framkvæmdina. Verkefnið var mjög ánægjulegt en við sjáum tækifæri til bóta og ætlum okkur m.a. að gefa okkur meiri tíma til þess að sinna þessu verkefni á næsta ári sem og að safna meiri verðlausum efnivið sem börnin geta nýtt til sköpunar.

Í vor bættum við skipulögðum skólastundum inn í dagskipulagið fyrir skólahópinn okkar. Var það liður í að undirbúa börnin undir komandi grunnskólagöngu. Hópurinn hefur unnið ýmis bókstafaverkefni og börnin sýndu þeim mikinn áhuga. Í Aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá Rofaborgar kemur fram að nám leikskólabarna eigi aðallega að fara fram í gegnum leik. Höfum við því lagt minni áherslu á bókleg verkefni síðastliðin ár. Við sjáum þó að börnin eru spennt fyrir verkefnum og eru stolt af vinnunni sem þau leggja í þau. Á næsta skólaári viljum við því bæta við fjölbreyttari verkefnum og leggja áherslu á fjölbreyttari viðfangsefni.

Á Krummalandi eru 24 börn og alla jafna 5 starfsmenn. Á hverju ári þurfum við því að huga vel að því hvernig umhverfi barnanna er skipulagt og finna leiðir til þess að draga úr hávaða. Í vetur gerðum við það með því að skipta börnunum í tvo hópa þar sem annar var inni fyrir hádegi og hinn úti, svo öfugt eftir hádegi, þegar veður leyfði. Með því fyrirkomulagi fengu börnin meira næði í leik sínum og verkefnum og vorum við ánægðar með útkomuna. Við munum halda þessu fyrirkomulagi áfram næsta vetur. Samhliða því þurfum við að skoða skipulag deildarinnar og skipuleggja rýmið upp á nýtt. Við þá vinnu munum við hafa nýja skólanámskrá og hugmyndafræði Reggio-Emilia að leiðarljósi.

Í umbótaáætlun síðasta vetrar settum við okkur það að markmiði að fara í fleiri gönguferðir um hverfið. Elliðaárdalurinn býður upp á svo margvísleg tækifæri til náms og vildum við vera duglegri að nýta okkur hann betur. Við náðum því markmiði ekki eins vel og við hefðum viljað og ætlum við því að halda áfram að þróa útikennsluna næsta skólavetur.

10.1.5 Spóaland

Líf og fjör ríkti á Spóalandi í ár og þrátt fyrir starfsmannabreytingar stóðu börnin sig eins og hetjur. Veturinn hófst á því að kenna nýliðum á fyrirkomulag deildar, fara yfir reglur og leyfa barnahópnum að kynnast. Leikhópar voru myndaðir á morgnana sem gerðu það að verkum að börnin kynntust vel og ný vinasambönd mynduðust. Þá urðu börnin einnig sjálfstæðari og eflust í því að komast að sameiginlegri lausn, eins og t.d. hvaða efnivið ætti að leika með. Haldið var í dagskipulag fyrir bæði yngri hóp og skólahóp sem gekk vel til að byrja með en tókst oft ekki að standa við vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Við upplifðum öll börn tilheyrta hópnum, vera virka þátttakendur og unnum við með þeim að lausnum þegar upp komu vandamál.

Ný skólanámskrá leit dagsins ljós og við undirbúning hennar höfum við kennarar séð að mörgu þurfi að breyta innan deildarinnar til að hægt sé að fylgja nýrri stefnu. Vísindastarfið hélt áfram í vetur og fannst okkur það hafa gengið vel og okkur tekist að ná meira af markvissri kennslu og fræðslu. Vísindastarfið var lærdómsríkt fyrir börnin og var spennandi að fylgja áhuga barnanna og vinna með ákveðin þemu út allt árið. Börnin sýndu almennt mikinn áhuga á starfinu, voru jákvæð ásamt því að velliðan og agi jókst. Aðal þemað var í upphafi náttúruhamfarir og sjávardýr en í vor var síðan farið að skoða alls kyns kynjaverur úr ævintýraheimum. Öll rými voru nýtt þegar unnið var með þemun og nemendur skreyttu bæði glugga og veggja (sem búið var að líma pappír á). Þá var útbúinn ævintýraskógur í innra herbergi þar sem börnin sáu um að skreyta tré og útbúa herbergið út frá eigin hugmyndum. Aðeins vantaði upp á að stefnu Reggio Emilio væri fylgt í vísindastarfinu og var bætt úr því í vor með því að kafa enn dýpra í það að börnin fengju að gera meira sjálf. Listasmiðjan varð barnamiðaðri og kennarastýrðum verkefnum fækkaði eftir því sem leið á. Við teljum okkur þó geta náð lengra. Auk þess fóru börnin að verða meiri þátttakendur í sköpuninni og fóru að hafa enn meiri áhrif á daglegt starf og val ásamt því að gera afmæliskórónur sínar sjálf. Það sem við sáum er að börnin hafa oft mikið að segja um daglegt starf en að við getum gert betur. Til þess þurfi m.a. að breyta námsaðstæðum, þ.e. umhverfinu, sem er næst á stefnuskránni.

Lubba og Blæ starf byrjaði vel en þegar líða tók á veturinn gekk ver að hafa það markvisst. Á deildarfundum máttu starfsmenn starfið og upplifðu starfsmenn hópana of stóra, þar sem allur yngri hópur var hafður saman og eldri hópur saman. Í þeim aðstæðum væri erfiðara að ná markvisst til allra og gera kennsluna ítarlegri fyrir þá sem þurftu. Í febrúar ákváðum við því að prófa nýtt skipulag að morgni sem hefur gengið vel. Þá er deildinni skipt í fjóra hópa þar sem einn hópur fer í Lubba, einn hópur fer í Blæ og tveir hópar fara hvor með kennara í lestur. Það hefur gengið vel og lestrarstundirnar meira að segja þróast í skapandi úrvinnslu. Þannig teljum við okkur hafa náð markvissari málörvun með hópnum. Einnig fór skólahópur í reglulegar skólastundir í hádeginu sem við teljum hafa skilað miklu. Bæði juku þær áhuga barnanna á rími, bókstöfum og skrift ásamt því að þær efldu hljóðkerfisvitund þeirra. Við viljum því halda áfram með þetta fyrirkomulag á næsta skólaári.

Skólahópur fór í töluvert margar ferðir á þessu ári, u.þ.b. tvisvar í mánuði, og gengu þær ferðir mjög vel. Lýðræðisleg kosning var um þær ferðir sem farið var í og börnin nutu þess að fá að læra nýja hluti, voru áhugasöm og mjög spennt. Einnig var farið í heimsóknir í Töfrasel þegar að færi gafst og munum við halda þeim ferðum áfram næsta haust. Í fyrra ætluðum við að kenna börnunum að fara markvisst í göngutúra í náttúrunni og bera virðingu fyrir henni. Það hófst vel að hausti en datt síðan upp fyrir þegar líða tók á veturinn. Börnin ganga vel um leikskólalóðina en hafa þó ekki enn áttað sig á t.d. áhrifum moksturs við rætur trjáanna. Því langar okkur að reyna aftur á næsta ári að gera þetta markvissara með öðrum leiðum.

Samstarf við Krummaland minnkaði í upphafi vetrar og var orðið mjög takmarkað yfir vetrartímann. Ákveðið var að bæta úr því á vormánuðum og börnin höfð saman þrisvar í viku eftir hádegi. Metið var hversu oft tókst að standa við það skipulag og börn og starfsfólk spurð út í þeirra upplifun. Flestum líkaði vel og var niðurstaðan sú að reyna að láta samstarfið ekki detta niður næsta haust heldur auka það enn frekar. Foreldrasamstarf í vetur gekk mjög vel allt árið. Reglulegir föstudagspóstar fóru út og voru foreldrar duglegri að spyrja ef eitthvað var óljóst. Foreldrar voru einnig fljótir að stökkva til þegar eitthvað var og voru duglegir að mæta á viðburði og opin hús.

Verkaskipting starfsmanna var góð og vel skipulögð og þegar líða tók á árið voru aðrir starfsmenn farnir að geta stigið inn í, ef t.d. veikindi voru, þar sem skipulag var til staðar. Byrjað var á snerpuviðtölum, stuttum viðtölum með deildarstjóra, þar sem starfsmenn fengu tækifæri til að tjá líðan og koma með tillögur að breytingum. Einnig var starfsfólkið almennt opið fyrir hugmyndum, tilbúið að prófa nýja hluti og tekið var tillit til skoðana allra. Teljum við að opinn hugur, hreinskilin samskipti og samábyrgð geri okkur ánægðari í starfi og munum við einsetja okkur að halda góðum anda innan deildarinnar. Þá viljum við að starfsmenn geti stokkið inn í skipulagðar stundir því starfsmenn hafi tiltækar áætlanir. Þá viljum við einnig auka samstarf með Krummalandi þannig að þau sem sinna svipuðum verkefnum á sinni deild geti kastað á milli sín hugmyndum. Það eina sem taldist hafa töluverð áhrif á starfsánægju var oft hávaði sem við höfum, þegar við getum, leyst með því að skipta okkur á milli fleiri rýma.

10.2 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

10.2.1 Svanaland

Tækifæri til umbóta	Einstaklingslestur. Við viljum skipuleggja daglegan einstaklingslestur betur. Eins og staðan er í dag er aðeins lesið fyrir börnin í hóp, t.d. í samverustundum. Lestur er mikilvægur fyrir orðaforða og skilning barna og teljum við að einstaklingslestur sé mikilvæg viðbót við okkar starf.
Aðgerðir til umbóta	Nýta tímann betur milli kl. 8:30-9:30, starfsmaður fer og les í rólegu umhverfi þar sem er lítið áreiti. Þar sem að börnin mega sofa mis lengi í hádeginu sjáum við einnig tækifæri í að nýta tímann eftir hvíld betur til lesturs.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar.
Upphaf og lok	Ágúst 2026 – maí 2027
Hvernig og hvenær á að meta árangur.	Árangur verður metinn á deildarfundum á sirka 2 mánaða fresti.

Tækifæri til umbóta	Að auka útikennsla/göngutúr. Við viljum nýta umhverfi okkar betur og fara oftar í göngutúra um hverfið. Að fara í göngutúr er frábær skemmtun og býður upp á ýmsa möguleika til náms. Hægt er að týna steina, laufblöð á haustinn og nota svo efniviðin til föndurs.
Aðgerðir til umbóta	Hópnum er skipt upp í yngri og eldri hóp og fer hver hópur með sínum hópstjórum 1x í viku í göngutúr. Á meðan annar hópurinn er í skapandi starfi fer hinn út að skoða umhverfið.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Upphaf og lok	Ágúst 2026 – Maí 2027
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Árangur og skipulag verður metið á deildarfundum og skipulag aðlagð eftir þörfum.

Tækifæri til umbóta	Efniviður inn á deild. Við erum að innleiða hugmyndafræði Reggio Emilia og sjáum að við þurfum að gera breytingar á deildinni til þess að efniviður sé sýnilegri og aðgengilegri. Einnig viljum við leggja áherslu á að hvetja börnin til þess að gera sjálf. Við teljum að undanfarið höfum við fest okkur svolítið í kennarastýrðum verkefnum og því langar okkur að breyta. Við vinnum finna leiðir til þess að hjálpa börnunum að gera meira sjálf, eins og hugmyndafræðin segir til um.
----------------------------	---

Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að hafa efnivið sýnilegri og auka aðgengi að honum. Við ætlum að hvetja þau til að fara sjálf og sækja sér þann efnivið sem vekur áhuga þeirra og aðstoða þau í að skapa með honum í leik og starfi. Með því að auka tækifæri barnanna til þess að gera sjálf getum við eftt sköpunargáfu þeirra. Við viljum að sköpunarverkin séu þeirra eigin en ekki kennarasýrð verkefni.
Ábyrgð	Hópstjóri hvers hóps.
Upphaf og lok	Haust 2026 – vor 2027
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Árangur verður metinn reglulega yfir skólaárið og breytingar gerðar ef þess þarf.

10.2.2 Lóuland og Þrastaland

Tækifæri til umbóta	Auka lýðræðislega þátttöku barna í starfinu. Við viljum að börnin hafi raunveruleg áhrif á daglegt starf og upplifi að rödd þeirra skipti máli.
Aðgerðir til umbóta	• byrja markvisst í samverustundum, þar sem börnin fá að velja t.d. bók, lag eða verkefni • bjóða alltaf upp á 2–3 valkosti svo börnin læri að taka ákvörðun • taka reglulega stuttar umræðustundir þar sem við spyrjum börnin hvað þau vilja gera eða læra um • nýta hugmyndir barnanna í hópastarfi og verkefnum yfir vikuna • skipuleggja ákveðna daga þar sem börnin velja hvernig fyrri hluti dagsins (fyrir hádegi) fer fram, út frá 2–3 valmöguleikum • leyfa börnum að hafa áhrif á ákveðna hluta dagsins (t.d. leiksvæði eða efnivið)
Ábyrgð	Deildarstjórar bera ábyrgð en starfsfólk vinnur að þessu markmiði í sameiningu
Upphaf og lok	Byrja í september 2026. Innleitt daglega í samverustundum og reglulega yfir vikuna.
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Við ætlum að meta árangur með nokkrum leiðum m.a. með því að: • Fylgjast með hvort fleiri börn taki þátt í samverustundum og tjái sig. • Skoða hvort börn sýni meiri áhuga og taki meiri þátt í verkefnum sem þau hafa sjálf valið. Gert með skráningum. • Ræðum málið reglulega á deildarfundum (1x í mánuði). • Spyrjum börnin einfaldrá spurninga (t.d. hvað þau vildu velja og hvað þeim fannst skemmtilegt).

Tækifæri til umbóta	Bæta skapandi starf og þróa listasmiðju Við viljum breyta nálgun okkar í myndlist og sköpun þannig að meiri áhersla sé lögð á ferlið frekar en lokaafurðina og að börnin fái meira frelsi til að skapa á eigin forsendum.
Aðgerðir til umbóta	• Halda áfram að vinna með listasmiðjuna sem opið og aðgengilegt rými fyrir börnin • Allur efniviður verður flokkaður og settur fram þannig að börnin sjái það sem er til og geti valið sjálf það sem þau vilja nota. • Bjóða upp á opnar skapandi stundir þar sem ekki er eitt „rétt“ verkefni heldur val og frelsi • Starfsfólk vinnur markvisst með hugmyndir úr Reggio Emilia og styður börnin í ferlinu frekar en að stýra niðurstöðu • Gefa börnum meiri tíma og ró til að skapa.
Ábyrgð	Starfsmenn í listasmiðju bera ábyrgð.
Upphaf og lok	Við ætlum að byrja í september 2026 og vinna að þessu markmiði daglega og þróa listasmiðjuna yfir allt skólaárið.
Hvernig og hvenær á að meta árangur	• Fylgjumst með því hvort fleiri börn velji að fara í listasmiðju og hversu lengi þau dvelji þar. • Skoðum hvort börnin noti efniviðinn sjálfstætt og sýni frumkvæði. • Tökum myndir af ferlinu og ræðum saman í teyminu, • Ræðum reglulega á deildarfundum (1x í mánuði).

Tækifæri til umbóta	Auka sjónrænan stuðning í daglegu starfi Við viljum gera umhverfi deildarinnar meira sjónrænt til að styðja öll börn, sérstaklega þau sem þurfa aukinn stuðning í málörvun og skilningi á daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta	• hvert leiksvæði fær sínar einföldu sjónrænu reglur • setja upp myndir af tilfinningum og nota þær í daglegum samskiptum • hafa dagskipulag sýnilegt með myndum • setja upp sjónrænar leiðbeiningar, t.d. hvernig á að klæða sig og hvað þarf eftir veðri • nota myndir markvisst í samtölum og leiðbeiningum við börnin
Ábyrgð	Deildarstjórar hafa yfirumsjón með úrbótum og deila út verkefnum.
Upphaf og lok	Við munum fara markvisst í breytingar á umhverfinu í ágúst/september. Við munum svo meta árangur og halda áfram að þróa umhverfi barnanna út árið.
Hvernig og hvenær á	Við ætlum að fylgjast með því hvort börnin noti myndirnar sjálf í daglegu starfi og skoða hvort myndirnar hjálpi börnum að skilja betur og taka þátt. Við munum ræða um breytingarnar á deildarfundum, hvað virkar og hvað þarf að bæta. Við ætlum

að meta árangur	síðan að meta í lok skólaárs hvort sjónræni stuðningurinn hafi haft jákvæð áhrif á daglegt líf barnanna í Rofaborg.
------------------------	---

10.2.3 Krummaland

Tækifæri til umbóta	Aukin málörvun og félagsfærni í skipulögðum samverustundum. Við ætlum að bæta við stuttri skipulagðri stund á morgnana þar sem er pláss fyrir lestur, Lubba, Blæ og Hugarfrelsi. Með því að hafa þessar stundir markvissar stuðlum við að bættum málþroska barna. Eins eru þetta mikilvægar stundir til að efla félagsfærni barnanna.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að skipta börnunum niður í 4 hópa, hver starfsmaður tekur að sér eitt viðfangsefni og halda okkur við planið. Skipuleggja þarf stundirnar vel fyrir fram, þannig að ef veikindi verða á starfsfólki getur afleysing hlaupið í skarðið.
Ábyrgð	Hver hópstjóri ber ábyrgð á sínum hóp.
Upphaf og lok	Nýtt skipulag verður sett upp í ágúst og unnið verður eftir því út önnina. Gerðar verða breytingar eftir þörfum.
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Árangur verður metinn í lok haustannar. Gerðar verða breytingar ef þess þarf og svo verður árangur metinn aftur vorið 2027. Við metum það sem fullnægjandi árangur ef við náum að fylgja skipulaginu vel eftir flestar vikur annarinnar og að við sjáum auknar framfarir í málþroska barnanna.

Tækifæri til umbóta	Lýðræðisleg þátttaka og aukið val. Veturinn 2026-2027 viljum við leggja meiri áherslu á lýðræði og bjóða börnunum í auknum mæli að velja viðfangsefni og efnivið sem notaður er á deildinni. Við teljum það að bæta aðkomu barnanna að verkefnavali vera í samræmi við hugmyndafræði Reggio Emilia.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að prufa að breyta valtoflunni okkar. Áður voru það kennarar sem ákváðu viðfangsefnin en nú viljum við prufa að bjóða börnunum að ræða sín á milli, komast að niðurstöðu, setja valið upp og þannig velja hvað er í boði á hverjum degi. Við ætlum að halda fundi með börnunum og fá fram þeirra hugmyndir. Einnig viljum við kenna börnunum um kosningar og að kjósa, t.d. um þann efnivið sem þau vilja hafa á deildinni.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð á verkefninu en öll deildin tekur þátt og metur árangur.
Upphaf og lok	September 2026 – maí 2027
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Við ætlum að meta árangur reglulega á deildarfundum yfir árið og gera breytingar eftir þörfum. Á fjögurra vikna fresti munum við einnig halda fundi með börnunum ásamt okkur þar sem við förum yfir hvað má bæta og hvað gekk vel. Það má gera ráð fyrir því að það taki tíma að finna skipulag sem hentar okkur. Árangri er náð þegar við sjáum að hugmyndir og skoðanir barnanna hafa meira vægi í daglegu starfi en síðastliðin ár og við sjáum að þekking þeirra á lýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum hefur aukist.

Tækifæri til umbóta	Aukin áhersla á uppeldisfræðilegar skráningar. Við viljum bæta okkur í skráningum, bæði skráningum sem fara í ferilmöppur barnanna og á sýnilegum skráningum á veggjum deildarinnar. Það er svo gefandi fyrir bæði börnin og foreldrana að verk þeirra séu sýnileg í leikskólanum.
Aðgerðir til umbóta	Hver starfsmaður sér um skráningar fyrir ákveðin verkefni. Gott væri að starfsfólk sé með litla minnisbók í vasanum sem hægt er að grípa í hvenær sem er til að skrá niður. Passa þarf að gefa börnunum nægt rými og tíma til að segja frá og skapa. Hóparnir mega því ekki vera of stórir og gæta þarf að samsetningu þeirra. Starfsmenn fá undirbúning til að klára skráningar í hverri viku, sem er mikilvægt að falli ekki niður.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar gera skráningar. Deildarstjóri ber ábyrgð á að leiðbeina starfsfólki og sér til þess að þær séu gerðar.
Upphaf og lok	September 2026 – maí 2027
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Árangur verður metinn vorið 2027. Starfsmenn eru margir hverjir óvanir því að sjá um skráningar og má því gera ráð fyrir að það taki smá tíma að læra að gera þær og finna fyrirkomulag sem hentar. Það er auðvitað einstaklingsbundið hvernig hverjum og einum finnst best að skrá niður. Við metum það sem fullnægjandi árangur ef allir starfsmenn koma að skráningum í vetur og hafa lært að nýta tímann vel.

Tækifæri til umbóta	Aukin áhersla á umhverfismennt og samfélagslega ábyrgð í umhverfinu. Við teljum okkur geta nýtt útikennslu enn betur en við höfum gert, m.a. til þess að fræða börnin um lífríkið, verndun umhverfisins, endurvinnslu og hættur í umhverfinu. Einnig sjáum við þetta sem tækifæri til þess að kenna börnunum að við erum samábyrg fyrir því að hugsa vel um náttúruna okkar.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að vera með ákveðna tíma vikunnar fyrir útikennslu þar sem ákveðin verkefni eru unnin. Rætt verður um útikennsluna áður en farið verður af stað og eftir að komið er heim. Haldið verður utan um hvern útikennslutíma með skráningum. Við sjáum fyrir okkur að geta nýtt Elliðaárdalinn betur, sem er mögnuð útivistarperla, stútfull af fuglalífi, trjám, plöntum og blómum sem hægt er að fræðast um. Í útikennslunni ætlum við einnig að leggja áherslu á að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfinu og ganga vel um það. Við ætlum að taka með poka í gönguferðir til þess að tína upp það rusl sem við sjáum á leiðinni. Einnig ætlum við að leggja áherslu á að fræða börnin um hættur sem leynst geta víða í umhverfinu eins og t.d. sprautunálar, glerbrot, sígarettustubba og tóbakspúða.
Ábyrgð	Inga og Lilja
Upphaf og lok	September 2026- Maí 2027
Hvernig og hvenær á að meta árangur	Árangur og skipulag útikennslunnar verður metið á deildarfundum og í samverustundum með börnunum. Markmiði er náð ef við náum að halda útikennslu einu sinni í viku og við sjáum að umhverfisvitund barnanna eykst.

10.2.4 Spóaland

Tækifæri til umbóta	Breyta kennslurými deildarinnar þannig að það samræmist betur stefnu Reggio Emilia. Þetta þarf að gera svo að bæði starfsfólk og börn stígi að fullu skrefið í því að treysta á hið náttúrulega umhverfi sem uppsprettu náms og leiks. Með því vonumst við til að gefa börnunum aukin tækifæri til að nýta ímyndunarafl sitt og sköpun.
Aðgerðir til umbóta	Við ætlum að taka deildina í gegn og búa til ákveðin svæði fyrir ákveðna tegund af námi og leik, t.d. byggingarsvæði, hlutverkaleik, læsissvæði og föndursvæði. Samhliða því ætlum við að losa okkur við meira af plastdóti og dóti sem gefur bara möguleika á ákveðnum leikjum og sanku að okkur alls kyns náttúrulegum efnivið sem verður aðgengilegur börnunum til að nýta. Þetta gerum við með því að tína efnivið úr náttúrunni, fá aðstoð foreldra og leikskóla við söfnun á föndurefni og fylgjast vel með í kringum okkur að uppsprettum fyrir efnivið sem gaman væri að nýta.
Ábyrgð	Deildin ber sameiginlega ábyrgð á verkefninu. Deildarstjóri breytir rými í samvinnu við deildarstarfsmenn og tekur síðan ábendingum frá börnum. Deildarstarfsmenn vinna saman í því að ákveða hvaða dót má fara og finna uppsprettur að náttúrulegum efnivið. Þá verða börnin einnig beðin um hugmyndir og aðstoð.
Upphaf og lok	Hefst í maí 2026 og lýkur í maí 2027.
Hvernig og hvenær á að meta árangur.	Árangur verður metin á tveggja mánaða fresti á deildarfundum. Fyrir þá fundi verða haldnir lýðræðisfundir með börnum þar sem þau geta tjáð skoðanir sínar, áhyggjur og hugmyndir. Þá verður rætt á deildarfundum hvað hefur gengið vel, hvernig umhverfið reynist, hvort börnin séu að ná að nýta sér umhverfið í námi og leik og hvernig við getum orðið við óskum þeirra. Þá þarf að skoða hverju sinni hvort einhver svæði séu vannýtt. Næstu skref verða ákvörðuð út frá þeim niðurstöðum hverju sinni.

Tækifæri til umbóta	Við viljum gera umræðuefni vísindastarfs sýnilegra og vinna meira með það í leik og námi. Þegar við vinnum með þemun vinnum við oft með fyrir fram ákveðin verkefni sem kennari hugsar upp og útbýr. Markmið okkar er að vera með kveikjur tengdar þemunum þannig að börnin geta skapað eitthvað sjálf út frá þemunum.
Aðgerðir til umbóta	Þegar unnið er með þemu í vísindastarfi verða kveikjur hafðar á ólíkum svæðum. T.d. þegar unnið er með lífríki sjávar verða allskyns bækur og spil tengd sjónum á læsissvæði, hlutir og myndir á föndursvæði, myndir af sjó og sjávarhellum á byggingarsvæði og hlutverkaleik. Hvatning fyrir börnin að nýta sér þemað.
Ábyrgð	Deildarstjóri í samráði við deildarstarfsmenn fær hugmyndir að kveikjum þegar hvert þema liggur fyrir.
Upphaf og lok	Hefst í ágúst 2026 og lýkur í maí 2027.
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	Árangur verður metin í lok hvers þema og partur af umræðuefni deildarfunda. Börnin verða spurð út í kveikjurnar og starfsmenn meta hvort að kveikjurnar hafi hjálpað og skapað tækifæri fyrir dýpri fræðslu í leik.

Tækifæri til umbóta	Spóaland og Krummaland vinna meira saman og verða meiri heild. Á báðum deildum eru börn á sama aldri, sömu stefnu fylgt og verið að vinna að sömu markmiðum. Með því að auka samstarf fá starfsmenn með sérstök verkefni tækifæri
----------------------------	--

	til að eiga samráð við aðra starfsmenn í sömu stöðu. Börnin fá einnig tækifæri til að kynnst betur. Þá er hægt að gera starfið markvisst ef deildarstarf er skipulagt sameiginlega þannig hægt er að hafa hóp á ólíkum verkefnum á sama tíma.
Aðgerðir til umbóta	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn taka að sér verkefni að hausti. Deildarstjórar setjast niður saman og útbúa áætlun fyrir daglegt starf og undirbúning með það að leiðarljósi að þeir deildarstarfsmenn sem sinna sömu verkefnum geti undirbúið sig saman. Daglegt starf verður skipulegt á þann hátt að hægt sé að sinna listasmiðju, hreyfingu, Lubba og Blæ á svipuðum tímum með svipuðum hópum.
Ábyrgð	Deildarstjórar í samráði við deildarstarfsmenn.
Upphaf og lok	Hefst í ágúst 2026 og lýkur í maí 2027.
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	Árangur verður metin mánaðarlega á deildarfundum þar sem m.a. verður farið yfir hvernig samstarf gengur, hvernig gangi að halda skipulagi og hvernig sameiginlegur undirbúningur gangi. Úrbætur verða unnar út frá því.

Tækifæri til umbóta	Skólahópur nýti Töfrasel markvisst og að báðir hópar fari í markvissa útikennslu. Töfrasel var ekki nægilega vel nýtt á síðasta ári og fóru börnin lítið í markvissar gönguferðir.
Aðgerðir til umbóta	Hópunum verði skipt upp þannig að þegar skólahópur fer í Töfrasel verði yngri hópur í útikennslu sem felur m.a. í sér göngutúra, kennslu leikja, tína rusl, fræðslu og fleira. Eftir hádegi geti þá eldri hópur farið eða á öðrum degi. Einn til tveir kennarar taka að sér að skipuleggja mánaðarlegar áherslur útikennslu.
Ábyrgð	Allir starfsmenn. Að hausti verður ákveðið hver tekur að sér að fylgja þessu eftir hjá eldri hóp og hver tekur að sér að fylgja þessu eftir hjá yngri hóp.
Upphaf og lok	Hefst í ágúst 2026 og lýkur í maí 2027.
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	Árangur verður metin mánaðarlega á deildarfundum þar sem m.a. verður farið yfir hversu oft tókst að fara í göngutúra og tækifæri til úrbóta.

Tækifæri til umbóta	Starfsmenn eru samábyrgir fyrir öllu starfi deildarinnar og starfsánægju. Deildarstjóri hóf snerpuviðtöl á árinu sem voru ekki nægilega markviss og vill hafa þau markvissari. Markmiðið er að með því að starfsmenn fái verkefni og ábyrgð sem snúa að styrkleikum þeirra aukist starfsánægja. Þá geti sameiginleg ábyrgð stutt starfsfólk þegar kemur að veikindum þannig ekki þurfi að fella skipulagt starf niður sem getur verið kvíðavaldur fyrir þann sem ber ábyrgð á verkefninu.
Aðgerðir til umbóta	Hver starfsmaður sé með mánaðarlega áætlun yfir þau verkefni sem hann ætlar að framkvæma í skipulögðum stundum. Deildarstjóri styður við starfsmenn þegar kemur að gerð áætlanna og gefur þeim þann undirbúning sem þeir þurfa til að útbúa hana. Áætlunin þarf að vera skýr og aðgengileg þannig að aðrir starfsmenn geti stigið inn í og viti hvers er ætlast til af þeim. Þá ætlar deildarstjóri að halda snerpufundi á tveggja mánaða fresti þar sem hann vinnur úr ábendingum og ummælum deildarstarfsmanna.
Ábyrgð	Samábyrgð deildar

Upphaf og lok	Hefst í ágúst 2026 og lýkur í maí 2027.
Hvernig og hvenær á að meta árangur?	Árangur verður metin á tveggja mánaða fresti á deildarfundum þar sem farið verður yfir hvernig tekist hefur að halda skipulögðu starfi. Þá gefst starfsmönnum tækifæri til að koma með ábendingar. Á þessum fundum verður einnig metið hvernig tekist hefur að taka snerpuviðtöl, starfsmönnum gefið rými til að ræða þau og hvort það telji viðtölin skila einhverjum ávinning. Unnið verður með þær ábendingar sem koma eftir þess fundi.

10.3 Ætlun um innra mat

Innra mat - áætlun	2025- 2026	2026- 2027	2027- 2028	2028- 2029
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		X		X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	X		X	
Faglegt samstarf		X		
Leikskólaþróun og starfsþróun			X	
Skólanámskrá og áætlanir	X	X	X	X
Uppeldi- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X
Uppeldi, menntun og starfshættir		X		X
Leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X	X	X	X
Námssvið leikskólans	X		X	
Leikskóli án aðgreiningar	X		X	
Mat á námi og velferð barna		X		X
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	X		X	
Fagmennska starfsfólks		X		X
Starfsánægja	X	X	X	X
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		X		X
Velferð og vellíðan barna	X	X	X	X
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	X		X	
Viðhorf foreldra		X		X
Innra mat				
Framkvæmd (skipulag og viðfangsefni)		X		X
Gagnaöflun og vinnubrögð		X		X
Opinber birting og umbætur		X		X

10.4 Áætlun um yfirferð verkefna/áætlana

Yfirferð verkferla/áætlana	2025- 2026	2026- 2027	2027- 2028	2028- 2029
Nýliðaáætlun - Velkomin í Rofaborg		x		x
Samskiptasáttmáli		x		x
Foreldraviðtalsáætlun	x	x	x	x
Svefn- og hvíldarstefna	x			x
Áhættumat - Vinnueftirlitið		x		x
Veikindastefna (Heilsuvernd)	x		x	
Rýmingaráætlun	x	x	x	x
Foreldrahandbók Rofaborgar	x		x	
Starfsáætlun	x	x	x	x
Áætlun um lausnarleitarfundi	x	x	x	x
Læsisáætlun		x		x
Áfallaáætlun	x		x	
Áætlun um móttöku nýrra barna	x		x	
Áætlun um vettvangsferðir	x	x	x	x
Áætlun um viðbrögð við slysum	x			

F. h. Leikskólans Rofaborgar.

<u>Guðlaug Kristinsdóttir</u>	<u>11.05.26</u>
Leikskólastjóri	Dagsetning

10.5 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 ***Leikskólinn Rofaborg***

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Arndís Benediktsdóttir

Ásta Erla Jakobsdóttir

Hanna Rún Smáradóttir

Ingvar Kristinn Guðmundsson



Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, áherslur starfsáætlunar samræmast vel starfi leikskólans á síðasta ári. Í starfsáætluninni kemur skýrt fram að unnið hefur verið markvisst að innleiðingu Reggio Emilia hugmyndafræðinni, aukinni málörvun, skapandi starfi og þátttöku barnanna. Þessir þættir eru áfram í forgrunni í umbótaráætlun og framtíðaráherslum. Einnig endurspeglast áskoranir síðasta skólaárs, svo sem mönnun og aðstæður húsnæðis, í áherslum og umbótaverkefnum komandi árs.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlunin er aðgengileg og vel upp sett. Efnisyfirlit er skýrt og auðvelt að fletta milli kafla. Heildaryfirsýn er góð og auðvelt er að finna helstu upplýsingar.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, starfsáætlun veitir mjög góða innsýn í starfið. Hún gefur greinagóða mynd af daglegu starfi, áherslum, þróunarverkefnum og því hvernig unnið er með börnin. Sérstaklega eru kaflar um innra mat deilda og umbótaáætlanir gagnlegir þar sem þeir sýna raunverulegt starf, styrkleika og hvað má bæta. Foreldrar fá þannig góða tilfinningu fyrir bæði faglegri nálgun og daglegu lífi á Rofaborg.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Gott væri að bæta við samantektum t.d. í byrjun kafla til að auðvelda lestur fyrir foreldra. Það er gott hversu skýrt má sjá áherslur á þátttöku barna, skapandi starf, þróun starfsfólks og jákvæðni starfsfólks fyrir þróuninni skína í gegn.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Arndís Benediktsdóttir, Ásta Erla Jakobsdóttir, Hanna Rún Smáradóttir og Ingvar Kristinn Guðmundsson

